

UNNUR BIRNA KARLSDÓTTIR

Um ást á öræfum og áhrif hennar á umræðu um verndun miðhálandisins

Inngangur

Öræfi Íslands voru að mestu ókannaður heimur fram að 19. öld. Mennt þekktu þó heiðar og hluta miðhálandisins af fjárleitum og veiðum og af ferðum um fjallvegi milli héraða og fjórðunga. Þeir könnunarleiðangrar sem farnir voru inn á hálendið á 19. öld opnuðu landsmönnum ýmsa glugga að öræfum lands síns.¹ Rætur sögu vísindarannsókna á miðhálandinu má rekja til seinni hluta 19. aldar, eða til rannsókna Þorvalds Thoroddsens land- og jarðfræðings. Ferðalög almennings um hálendið urðu æ almennari þegar tók að líða á síðustu öld. Hvatinn að slíkum ferðum var áhugi á náttúru landsins og iðkun útivistar. Bílferðir inn á miðhálandið hófust í kringum miðja 20. öld og hafa aukist síðan. Þannig hafa sífellt fleiri á síðustu árum og áratugum kynnst íslenskum öræfum af eigin raun og látið sig varða um þau. Allt hefur þetta svipt hulunni af hálendinu og aukið skilning á náttúru þess. Miðhálandið hefur auk þess verið í kastljósinu í þjóðmálaumræðu undanfarna áratugi í tengslum við umræðu og deilur um nýtingu þess eða verndun.² Í kringum aldamótin 2000 ollu deilur um fyrirhugaðar virk-

¹ Um ferðir um öræfi á 18. og 19. öld, sjá: Þorvaldur Thoroddsen, *Landfræðisaga Íslands: Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1904; Unnur Birna Karlsdóttir, „Hálendisheimur opnast: Um náttúrusýn í frásögnum öræfafara norðan Vatnajökuls á 18. og 19. öld“, *Skírnir* 192: 2/2018, bls. 302–338.

² Miðhálandið er í nýlegri skýrslu skilgreint svo: „Miðhálandið nær yfir um 40% af flatarmáli landsins og er eitt stærsta samfellda svæðið í Evrópu þar sem ekki er föst búseta. Innan miðhálandisins eru stærstu víðerni landsins og fremur fá og dreifð



unarframkvæmdir á hálendinu norðan Vatnajökuls og veituframkvæmdir í Þjórsárverum djúpstæðum klofningi hjá íslensku þjóðinni. Hún skiptist í tvær fylkingar, með eða á móti þessum áformum. Á öndverðum meiddi voru þau sem vildu vernda þetta öræfsvæði, jafnvel sem þjóðgarð, og þau sem vildu beisla orku Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótssdal til raforkuframleiðslu fyrir stóriðju á Austurlandi. Andstaða við vatnsmiðlun hjá Þjórsárverum byggði á rökum um verndargildi þeirrar gróðurvinjar við rætur jökuls inni á reginhálendi en rökkin með miðlunarlóni voru að það yrði hagkvæmt í þágu vatnsaflsvirkjana.³

Miðhálendið hefur einnig verið í kastljósinu í tengslum við umræðu um ferðabjónustu. Rætt er um hvort og hvar skuli byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn og hvort og hvernig skuli stýra umferð svo ágangur ferðamanna valdi ekki náttúruspjöllum og spilli þar með þeirri ósnortnu náttúru sem sé sú auðlind sem þeir sækja í. Einnig er fjallað um með hvaða hætti þurfi að stýra og haga mannvirkjagerð á borð við þá sem verður til við virkjun vatnsafls og jarðvarma, eða vindorku, svo hún rýri ekki upplifun ferðamanna af hálendinu og þá um leið gildi þess sem auðlindar í þágu ferðabjónustu.⁴ Það er þannig öðru nær en ríkt hafi sátt um öræfi Íslands síðustu áratugi. Ólíkar skoðanir hafa verið uppi um hvaða gildi þau hafi, hvernig skuli umgangast þau og hverjir eigi tilkall til þeirra og með hvaða hætti. Síðast en ekki síst hefur hálendið verið rætt út frá hugmyndum um friðun og hafði sú umræða til dæmis þau áhrif að Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður árið 2008.⁵

mannvirki. Svæðið markast af svonefndri miðhálendislinu sem miðast í grunninn við línu dregna milli heimalanda og afrétta“, sjá: „Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands: lokaskýrsla starfshóps“, 7. nóvember 2017, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, *Stjornarradid.is*, sótt 30. nóvember 2019 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6e28d2ee-c478-11e7-941e-005056bc4d74>, bls. 8.

³ Um sögu viðhorfa til náttúru og vatnsaflsvirkjana á Íslandi, sjá: Unnur Birna Karlsdóttir, *Par sem fossarnir falla: Náttúrusýn og nýting fallvatna á Íslandi 1900–2008*, ritstj. Trausti Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.

⁴ Anna Dóra Sæþórsdóttir, „Managing popularity: Changes in tourist attitudes in a wilderness destination“, *Tourism Management Perspectives* 7/2013, bls. 47–58; Sami höf. og Jarkko Saarinen: „Challenges due to changing ideas of natural resources: tourism and power plant development in the Icelandic wilderness“, *Polar Record* 52: 1/2016, bls. 82–91; Anna Dóra Sæþórsdóttir og Colin M. Hall, „Floating Away: The Impact of Hydroelectric Power Stations on Tourists. Experience in Iceland“, *Sustainability*, 10: 7/2018 bls. 1–33.

⁵ Um Vatnajökulsþjóðgarð, sjá: *Vatnajökulsþjóðgarður.is*, sótt 30. nóvember 2019 af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/fraedsla/um-vatnajokulsthjodgardur>; „Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007“, *Althingi.is*, sótt 22. febrúar 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007060.html>.

Hér er ætlunin að grípa niður í einum tilteknum kafla í sögu viðhorfa til miðhálandis Íslands. Segja má að þar hafi ást á öræfum ráðið ferðinni, ef svo má að orði komast. Nánar tiltekið þá ætla ég að skoða og greina hugmyndir um hálandið sem birtust í skrifum tveggja íslenskra náttúruunnenda með um hálfar aldar millibili. Þetta voru Helgi Valtýsson (1877–1971) kennari og rithöfundur og Guðmundur Páll Ólafsson (1941–2012) náttúrufræðingur, ljósmyndari og rithöfundur.⁶ Báðir ferðuðust þeir inn á öræfi Íslands og lögðu sig í kjölfarið fram um að lýsa áhrifum þeirrar náttúru sem þar bar fyrir augu þeirra á hugann og þýðingu hennar í því sambandi. Skrif þeirra einkennast af persónulegu sjónarhorni um leið og þau endurspegla ýmsa þræði í vestrænni náttúrusýn. Þau eru þannig áhugaverður vitnisburður um viðhorf til öræfa á fyrri og seinni helmingi 20. aldar og fyrstu árum þessarar, og þá um leið þáttur í hugmyndasögu þessa lands. Í seinni hluta greinarinnar tengi ég efnið samtímanum með því að líta til þess hvernig sýn á hálandi á borð við þá sem þeir Helgi og Guðmundur Páll settu fram á sínum tíma hefur öðlast sess nú á dögum. Rökin fyrir því eru þau að viðhorf í þeim anda sem þeir héldu á lofti um upplifunargildi öræfanna hafa orðið stór þáttur í samtímaumræðu um vernd og friðun miðhálandisins. Það er ekki hvað síst áhugavert í sambandi við yfirstandandi umræðu um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

„Öræfin eru faðmvið og fjallablá“

Fáir aðrir en þeir sem bjuggu næst öræfum á Austurlandi höfðu lagt leið sína um hálandið norðan Vatnajökuls þegar Helgi Valtýsson fór í könnunarferðir þangað í þeim tilgangi að líta til hreindýra og kanna ástand og stærð stofnsins. Þessa leiðangra fóru Helgi Valtýsson og Eðvarð Sigurgeirsson ljósmyndari og kvikmyndatökumaður ásamt aðstoðarmönnum síðsumars

⁶ Helgi Valtýsson var Austfirðingur, fæddur í Nesi í Loðmundarfirði en bjó og starfaði lengst af á Akureyri. Hann ritaði um margvísleg málefni og eftir hann liggur efni í óbundnu og bundnu máli. Hann bar hag hreindýra á Íslandi ætíð fyrir brjósti og var ann t um vernd stofnsins og viðgang, sjá t.d.: Eiríkur Sigurðsson, „Helgi Valtýsson: Minning“, *Dagur* 13. mars 1971, bls. 5, og Unnur Birna Karlsdóttir, *Öræfahjörðin: Saga breindýra á Íslandi*, Reykjavík: Sögufélag, 2019; Guðmundur Páll Ólafsson fæddist á Húsavík. Hann bjó lengi vel í Flatey á Breiðafirði og í Stykkishólmi. Eftir hann liggur fjöldi rita í máli og myndum um íslenska náttúru og hann var þekktur fyrir baráttu sína á sviði náttúruverndar og gegn virkjunum á hálandi Íslands, sjá t.d.: „Guðmundur Páll Ólafsson látinn“, *Framtíðarlandid.is*, 31. ágúst 2012, sótt 17. október 2019 af <http://www.framtíðarlandid.is/is/frettir/gudmundur-pall-olafsson-latinn-framtíðarlandid-kvedur-kaeran-felaga>.

1939, vor og haust 1943 og haustið 1944. Til fylgdar og leiðsagnar þeim á öræfunum var Friðrik Stefánsson bóndi á Hóli í Fljótsdal en bændur í Hrafnkelsdal og Möðrudal lögðu þeim einnig lið með því að ljá þeim fylgd og reiðhesta og klyfjahesta. Hér verður ferðatilhögun þeirra ekki fylgt eftir en henni eru gerð ítarleg skil í riti Helga um þessar ferðir, *Á breindýraslóðum*, sem út kom árið 1945.⁷ Hér er borið niður í fyrsta leiðangur þeirra árið 1939 á leið þeirra frá Möðrudal í Kringilsárrana. Þeir eru komnir að Jökulsá á Dal og fara upp með henni og tjalda skammt undan Sauðafelli. Helgi lýsir landinu sem fyrir augu ber sem ágætu haglendi og fögru:

Á þessum tjaldstað okkar var gróður óvenju mikill og fjölskrúðugur. Í árgilinu var t.d. feikn mikið af bláberjum, stórum og vel þroskuðum eins og niðri í sveit. Gaf að líta flest það, sem íslenskt gróðurriki hefir fegurst upp á að bjóða, svo sem „blágresið blíða, berjalautu væna“ og einnig „fífilbrekku, gróna grund“ engu síður en „flóatetur, fífusund“. Og allt var þetta efst á öræfum skammt frá jökulbrúninni.

Við tókum náttstað allsnemma með það fyrir augum að njóta þar morgunsólar daginn eftir til að ná góðum myndum af sérkennilega fallegum gljúfrum og fossum í Kringilsá. Sólskinshiti og blíðviðri var á allan daginn, og kvöldið var frámunalega fagurt. Hinum megin við Jökulsá blöstu nú við *Vestur-öræfin*, græn og grasi vafin neðan frá á og upp á heiðarbrúnir. Fjöldi fjár dreifði sér um hlíðar og hálsa. Og hátt yfir öræfin gnæfði Snæfell, fagurt og tígulegt, kvöldblátt og sólroðið með stórum skriðjökulflákum í kletta-hvilftunum.⁸

Þessi náttúrulýsing Helga er nær því að falla undir lýsingu á fagurri náttúru í anda hjarðljóðastíls (e. *pastoral*) en lýsingu á ógnvænlegri, ægifygurri náttúru (e. *sublime*). Maðurinn dáist að þeirri fyrrnefndu og upplifir sig þar öruggan en af hinn síðarnefndu stendur honum ógn, en sækist þó eftir að upplifa viðbrögð skilningarvitanna þegar hann lítur slíka náttúru augum.⁹ Helga Valtýssyni stendur engin ógn af þessu öræfalandslagi sem hann lýsir. Þarna

⁷ Helgi Valtýsson, *Á breindýraslóðum: Öræfatöfrar Íslands*, Akureyri: Bókaútgáfan Norðri, 1945.

⁸ Helgi Valtýsson, *Á breindýraslóðum*, bls. 18.

⁹ Um hina fögru (pastoral) og ægifygru (sublime) fegurð náttúru, sjá t.d.: Peter Coates, *Nature: Western Attitudes since Ancient Times*, Cambridge: Polity Press, 1998, bls. 110–134; Sveinn Yngvi Egilsson, *Náttúra ljóðsins: Umbverfi íslenskra skálda*, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2014.

eru grænir hagar og sauðfé á beit en hið ægifagra er þó ekki langt undan, þarna belja jökulfljót, og fjöll og jöklar gnæfa við sjóndeildarhring. Það er ekki að undra að hann hafi dáðst að gróðri á þessum slóðum en þessi hluti miðhálandisins hefur þá sérstöðu að þar liggur á parti samfelld gróðurþekja alla leið frá sjó inn til jökla.¹⁰

Peir Helgi og samferðamenn hans skoðuðu einnig foss í Kringilsá. Hann hafði þá orðið vatnsmikill nokkrum árum fyrr, eða þegar vatnaskipti urðu í jökulánum Sauða og Kringilsá í kringum miðjan fjórða áratuginn. Breytingar urðu við upptök ána undan Brúarjökli og varð þá Sauða vatnslítill, en hafði verið vatnsmikill, en Kringilsá varð straumstríð og beljandi. Helgi segir nafn fossins, Töfrafoss, komið frá Friðriki Stefánsyni, bónda á Hóli í Fljótsdal sem var þarna með þeim í för. Helgi hrífst af fossinum og lýsir honum sem miklu og áhrifaríku sjónarspili.¹¹ Höfðu fossar hér á landi, ekki síst þeir stærstu og mikilúðlegustu, þá þegar öðlast sess í íslenskri náttúrusýn, einkum sem birtingarmynd ægifegurðar og verið upphafið náttúruvætti í verkum ljóðskálda, ljósmyndara og landslagsmálara allt frá lokum 19. aldar og upphafi þeirrar tuttugustu.¹² Sú sýn á fossana var Helga greinilega mjög töm því að í þeim anda lýsir hann fossinum í Kringilsá:

Efri fossinn í Kringilsá mun nú vera meðal fegurstu fossa hér á landi og sjaldgæfur mjög á vissan hátt. Og í núverandi mynd mun hann vera yngsti foss landsins. Fljótt á litið er hann smækkuð mynd af Dettifossi. Gljúfrin fyrir neðan fossinn eru þröng og hrikaleg og fyllast algerlega af mjallahvítum úðanum, sem stingur mjög í stúf við skolgrátt jökulvatnið og svarta hamraveggina. En upp í gegnum úðamökkinn koma öðru hvoru, eins og gos, misjafnlega háir vatnsstrókar, er stundum ná allt að tveim þriðju af hæð fossins sjálfs. Er þessi tröllefdi leikur vatnsins afar fagur og tilkomumikill, þegar sól skín á fossinn. En þetta sumar mun fossinn hafa verið óvenju vatnsmikill, sökum sumarhita og sólbráðar langt inn á Jökul.

¹⁰ „Kárahnjúkavirkjun allt að 750 MW Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum“, *Skipulag.is*, bls. 74–76, sótt 20. október 2019 af <http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/671/2000110003.PDF>.

¹¹ Helgi Valtýsson, *Á breindýraslóðum*, bls. 20.

¹² Um sess fossins í íslenskri náttúrusýn á fyrri hluta 20. aldar, sjá: Þorvarður Árnason, „Kný minn huga, gnýr: Dettifoss með augum Einars Benediktssonar“, *Heimur ljóðsins*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 317–334; Unnur Birna Karlsdóttir, *Þar sem fossarnir falla*, bls. 29–37.

Sennilega er foss þessi óskírður enn, enda hefir hann verið í reifum til skamms tíma. Nefndi Friðrik hann *Töfrafoss*, og er það bæði skáldlegt nafn og fagurt. Og satt að segja á hann það nafn með réttu!¹³

Landslag er þarna nú gerbreytt frá því sem var þegar Helgi fór þarna um. Þetta grösuga land sem hann lýsir beggja megin með bökkum Jökulsár á Dal, farvegur hennar og hluti af farvegi Kringilsár og þar með talinn Töfrafoss, er nú horfið undir Háslón. Náttúruleysing hans er þannig rúmlega hálftrar aldar gamall minnisvarði um horfið landslag ásamt því að vera til vitnis um sýn á náttúruvegurð um miðbik 20. aldar.

Þegar komið var niður að bænum Brú á Efra-Jökuldal að kvöldi í lok leiðangursins haustið 1939 fréttu leiðangursmenn að skollin væri á heimsstyrjöld. Helgi skrifar um þau tíðindi:

Voru þetta illar fréttir og ljótar, og sennilega enn átakanlegri fyrir okkur félaga sökum þess, að við vorum að koma úr margra daga öræfaferð, frá fegurð, friði og sælu, þar sem ekkert illt átti heima, þar sem allt var í djúpu samræmi við lífið sjálft og tilgang þess, og við sjálfir orðnir einn örlítill þáttur, nátengdur veldi öræfanna og víðáttu.¹⁴

Þannig verður mynd hans af öræfakýrrðinni og áhrifum hennar á manninn enn sterkari og magnaðri samanborin við hildarleik styrjaldar sem eyðileggur og tortúmir. Á öðrum stað í bók sinni um hreindýraslóðir, sem reyndar eru upphafsorð í formála hennar, skrifar hann um kýrrð og fegurð öræfa Austurlands og opnar þannig lesandanum glugga að hinu ægifagra í náttúru Íslands:

Öræfin eru faðmvíð og fjallablá. Kýrrð þeirra gerir þig hljóðan og hlustandi. Þar skilurðu Heimdall til fullnustu. Hugfanginn hlustarðu á andardrátt þinnar eigin sálar, sem þú hafðir gleymt árum saman. Hér skynjarðu fyrst ómælis-víðáttu anda þíns, og þú stendur kyrr og undrandi í djúpri þögn og óumræðilegri lotningu fyrir guðdómi sálar þinnar. — Fjarlægðin, fjallabláminn, jökulbungan mikla, reginniður kýrrðarinnar, — allt þetta speglast og endurómar undir hvolfþökum sálar þinnar, sem spanna himin og jörð, allt sjónarsvið anda þíns. Og sjálfur rennur þú sem söngklökkur,

¹³ Helgi Valtýsson, *Á hreindýraslóðum*, bls. 20.

¹⁴ Sama rit, bls. 43.

ómandi strengur inn í þagnarþrungna geimvídd Guðs og verður eitt með henni.¹⁵

Þannig finnst honum sú tilfinning að vera staddur á öræfum víkka skynjunina með einstökum hætti sem aðeins snertingin við þau geti framkallað. Frammi fyrir náttúru hálendisins finnst honum mörkin milli þess efnislega og andlega renna saman í eitt. Öræfin dýpka ekki aðeins vitundarlífið heldur framkalla hið góða í mannsálinni. Helgi sér öræfanáttúruna ekki aðeins fyrir sér sem efni heldur býr einnig í henni andi.¹⁶ Þarna er „Snæfells Guð og öræfanna eilífi andi!“¹⁷ Yfir þessari öræfafegurð vakir Snæfell og kvöldin í Kringilsárrana voru fögur:

Og geimvitt kvöldið kveikti fullmána á hátindi Snæfells, sem þá stundina lýsti eins og reginfagur risaviti út yfir öll Vestur-öræfi og hreindýraslóðir. Það var sjaldgæf sýn og tilkomumikil. ... yfir öræfunum sjálfum ríkti hafdjúp kyrrð og friður og víðsýnis-fegurð í órofa, fjölþættri eining.¹⁸

Viðhorf Helga Valtýssonar til öræfa Austurlands endurspeglar viðhorf í anda rómantísku stefnunnar. En viðhorf til náttúru voru stór þáttur í þeirri stefnu og snerust meðal annars um heimspekilegar og tilvistarlegar spurningar um stöðu mannsins gagnvart náttúrunni og hlutverk hans sem túlkanda þess sýnilega og ósýnilega, þess efnislega og andlega, þess áþreifanlega og yfirskilvitlega, þess fagra og ægifagra. Rómantíska stefnan kom fram meðal rithöfunda og myndlistarmanna á 18. öld á meginlandi Evrópu og setti mark á bókmenntir og listir á 18. og 19. öld og á fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Rómantíska stefnan breytti m.a. viðhorfum til óbyggða í þá átt að þær voru ekki lengur álitnar vera fjandsamleg veröld og ljót samanborið við „pastoral“ fegurð sveita og skróðgarða. Farið var að tigna óbyggðir og upphefja sem hina ægifygru og villtu náttúru sem í senn hrífur og skelfir í hrikaleik sínum, enda þótt lykilsfarsenda í þeirri dýrkun hafi þó verið að maðurinn gæti virt náttúruþyrirbærin fyrir sér óhultur úr nægilegri fjarlægð svo að lífi hans stafaði ekki ógn af. Hið náttúrlega landslag (e. *natural landscape*), sköpunarverk náttúrunnar, er tignað og upphafið.¹⁹

¹⁵ Sama rit, bls. 11.

¹⁶ Sama rit, bls. 11–14.

¹⁷ Sama rit, bls. 13.

¹⁸ Sama rit, bls. 40.

¹⁹ Um rómantísku stefnuna og áhrif hennar á viðhorf til óbyggða, sjá t.d.: Karin Johannisson, „Det sköna i det vilda: En aspekt på naturen som mänsklig resurs“, *Para-*

Eins og rakið var hér að framan benti Helgi á að á reginöræfunum ríkir ekki aðeins ægivald hrikalegrar auðnar heldur var landið þar líka gróðursælt og gjöfult með sætum stráum beitarlandsins, gósenland sauðkindarinnar og þá um leið dýrmæti fyrir fjárhirðinn, bóndann. Sjálfur ólst hann upp við að sitja yfir sauðfé og nefnir í formála sínum að sú reynsla færi honum aukinn skilning og ást á náttúru Austurlands:

Vér, sem höfum átt því láni að fagna að vera smalar í bernsku og æsku, gleymum aldrei smalaárunum og hinum fjöllum-prúðu æskustöðvum vorum. Tryggðin við fjöllin hefir fest rætur í hjörtum vorum og falizt þar sem lítill neisti, þótt fennt hafi yfir og frosið; eða þótt frjómolld minninganna sé orðin grængresi vafin og öðrum láglandisgæðum lífsins.²⁰

Helgi tjáir lesandanum að hann elskar landið sitt „hörkuljúfa og góða“ af öllu hjarta og tengist því sterkum böndum.²¹ Enda skrifar hann um innlifun sína á öræfum á þeim árum þegar áhrifa rómantísku stefnunnar og þjóðernishyggu gætti mjög í hugmyndum um tengsl Íslendinga við Ísland og náttúru þess, og ort voru ótal ættjarðarljóð um Ísland, þrungin lofgerð og föðurlandsást.²² Skrif Helga um öræfin norðan Vatnajökuls eru á slíkum lofgerðarnótum, sprottin frá innstu hjartarótum, skrýdd skáldlegu tungutaki, og hægt að ímynda sér að hann hafi þar sem rithöfundur og ljóðskáld sjálfur álitið tungumálið vera sinn besta „leiðtoga inn á fegurðarinnar land“ eins og Alexander Jóhannesson orðar það árið 1919 í grein um samband tungumáls, fegurðar, náttúru og lista.²³

diset och vildmarken: Studier kring synen på naturen och naturresurserna, ritstj. Tore Frängsmyr, Stokkhólmur: Liber Förlag, 1984, bls. 15–81, hér bls. 20–33; Sjá einnig: Peter Coates, *Nature*, bls. 125–134; *Romanticism in National Context*, ritstj. Roy Porter og Mikulás Teich, Cambridge, Cambridge University Press, 1988; Þórir Óskarsson. „Hugtakið rómantik í íslenski bókmenntasögu 19. aldar“, *Skírnir* 170: 2/1996, bls. 255–302, og sami höf.: „Hvað er rómantik? Hugleiðingar um vandmeðfarið orð í íslenski bókmenntasögu“, *Andvari* 124/1999, bls. 104–125.

²⁰ Helgi Valtýsson, *Á breindýraslóðum*, bls. 12.

²¹ Sama rit, bls. 12–13.

²² Um þátt og áhrif rómantísku stefnunnar og þjóðernishyggu á íslenska náttúrusýn á s.hl. 19. og f.hl. 20. aldar, sjá: Guðmundur Hálfdanarson, *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 2001, bls. 171–216; Sveinn Yngvi Egilsson, *Arfur og umbylting: Rannsókn á íslenski rómantik*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, 1999.

²³ Alexander Jóhannesson, „Erindi um fegurð“, *Andvaka* 1: 2/1919, bls. 135–143, hér bls. 139; Helgi Valtýsson orti bæði áthaga- og náttúruljóð og safnaði einnig ljóðum

Helgi Valtýsson dáði öræfalandslagið en tilgangur leiðangra hans var að líta eftir hreindýrunum eins og áður sagði. En hann skrifar þau inn í hálandisfegurðina, fyrstur manna. Hann sér þau sem hluta af náttúrufegurð öræfanna, engum öðru líkur, eða eins og hann orðar það:

Hreindýrin eru léttstíg og hljóð eins og öræfanáttúran sjálf. Þaðan eru þau úr jörðu runnin, og þangað hverfa þau aftur. Þau eru orðin órofa þáttur öræfanna og gæða þau holdi klæddum persónuleik og sérkennilegu, unaðsföguru lífi. Þau eru ráshvikull andi öræfanna. Fegurðarauki þeirra og dásamleg prýði!²⁴

Helgi óttaðist um afdrif hreindýranna vegna þess hve fá þau voru orðin og tilvist þeirra bundin við lítið svæði milli jökulvatna við rætur Vatnajökuls en hann hafði þó ekki áhyggjur af heimkynnum þeirra þar. Þau öræfi hefur hann talið að hlytu að standa ævarandi óbreytt af öðrum kröftum en náttúruöflunum einum. Hann gat óáreittur lítið á öræfi Austurlands sem náttúrukrafta utan seilingar mannlegs máttar. Viðhorf Helga Valtýssonar eru þannig vitnisburður um hrifningu á öræfum fyrir þann tíma sem öll umræða um hálendið varð mörkuð af átökum milli sjónarmiða nýtingar til virkjana og náttúruverndar. Enginn bar þann ugg í brjosti gagnvart öræfum norðan Vatnajökuls á árunum í kringum 1940 að maðurinn gæti umturnað þar landslagi og straumi jökulfljóta eins og raunin varð um hálfri öld síðar.

„Þyki okkur vænt um land vöndum við til verka“

Árið 2000 kom út viðamikil rit Guðmundar Páls Ólafssonar undir heitinu *Hálendið í náttúru Íslands*. Bókina byggði hann bæði á ýmsum heimildum og eigin ferðum um hálendið, auk þess sem ljósmyndir hans og ýmislegt myndefni annað er í bókinni. Markmið hans er að fræða Íslendinga um hálendið en ekki síður að tala fyrir verndun þess. Í bókinni fléttar hann fræðslu um jarðfræði, gróðurfar og náttúruvyrirbæri á hálendinu saman við sögu lands og þjóðar. Hann birtir skáldskap sem tengist öræfunum í bundnu og óbundnu máli, þjóðsögur af vættum og útilegumönnum, af goðmögnum og kynja-verum auk margskyns sögulegs fróðleik um óbyggðirnar sem orðið hefur til frá því land byggðist og fram til loka 20. aldar. Með þessum frásagnarhætti dregur hann fram að hálendið hefur ætíð tengst lífi íslensku þjóðarinnar með einum eða öðrum hætti. Það sé því ekki aðeins einstakt sem náttúruvyrirbæri

um Austurland eftir brottflutta Austfirðinga og gaf út, sjá: *Aldrei gleymist Austurland*, Akureyri: Norðri, 1949.

²⁴ Helgi Valtýsson, *Á hreindýraslóðum*, bls. 14.

heldur einnig áhrifavaldur í íslenskri menningu og sögu hennar og ljái þeim verndargildi.²⁵ Öræfin eru náttúruarfur íslensku þjóðarinnar og uppspretta margra hliða menningararfs hennar. Þess vegna ber að vernda þau, boðar hann.²⁶ Það er ekki nóg, skrifar hann einnig, að friða stakar náttúruminjar eða staði heldur er það heildin sem skiptir máli, sá hluti hálandisins sem þá stóð enn ósnortinn af stórtækum framkvæmdum og mannvirkjum á borð við virkjanir. Guðmundur Páll vonaði að Íslendingum myndi lærast að vernda slík svæði á miðhálandinu áður en það yrði of seint.²⁷ Um þetta verndargildi hálandisins skrifar hann:

Hálendi Íslands er svo til ómanngert umhverfi og þess vegna ein mesta auðlind Íslendinga. Þetta er mörgum torskilið enn sem komið er, einkum þeim er gera ekki greinarmun á sjálfbærri sam-
búð við landið og blindri nytjahyggju. Þjóðinni mun aldrei falla sú gæfa í skaut að fara vel með auðæfi hálandisins einblíni stjórnvöld áfram á stíflur og uppistöðulón; ... Við það skerðist höfuðstóll auð-
lindarinnar og íslenskrar náttúru í heild sinni svo alvarlega að ekki verður bætt.²⁸

Náttúruvernd á hálandinu sneri einnig að lýðræði á Íslandi að mati Guðmundar Páls. „Óbyggðirnar eru hluti af lýðræðinu vegna þess að þær eru frumburðarréttur okkar og leika risavaxið hlutverk í sálarlífi hvers manns sem þangað leitar. Óbyggðir eru landið utan fangelsismúra tækniþjóðfélagsins. Þær eru land frelsisins; frelsi hugans“, skrifar hann í bókinni *Um víðerni Snæfells* sem út kom árið 2003. Þá bók gaf hann út til varnar öræfum Austurlands í deilunni um virkjanaáform þar. Honum þótti þau áform vera glapræði vegna þess rasks og umturnunar á landslagi og vistkerfi á gríðarstóru svæði sem af hlytist.²⁹ „Ef við höldum áfram í anda Kárahnjúkavirkjunar missum við hæfileikann til að skilja landið okkar og vistkerfi þess. Við fórnnum óbyggðunum fyrir einskisvert þrjál og glötum tækifærinu til að smíða í bróðerni heilsteypt og metnaðarfullt samfélag meðal þjóða“, skrifar

²⁵ Guðmundur Páll Ólafsson, *Hálendið í náttúru Íslands*, Reykjavík: Mál og menning, 2000.

²⁶ Guðmundur Páll Ólafsson, *Hálendið*, bls. 396.

²⁷ Sama rit, bls. 393.

²⁸ Sama rit, bls. 396.

²⁹ Guðmundur Páll Ólafsson, *Um víðerni Snæfells*, Reykjavík: Mál og menning, 2003, bls. 121.

hann á öðrum stað í sama riti.³⁰ Hvað öræfi Íslands snerti, að mati Guðmundar Páls, var í þessu sambandi ekki aðeins hálandið í húfi heldur yrði niðurstaðan, þ.e. hvort þeim yrði spillt stórvægilega með virkjunum eða hvort þau yrðu vernduð, prófsteinn á tengsl og ábyrgð íslensku þjóðarinnar gagnvart náttúru landsins, eða eins og hann orðar það:

Þyki okkur vænt um land vöndum við til verka.

Við vitum að villt náttúra er meira en auðlindahönnuður. Hún er Mímisbrunnur; hún er baklandið okkar – sálarlindin mikla og ævintýraland útivistar, lista, vísinda og atvinnusköpunar. Villt náttúra varðveitir þess vegna lífshamingju, fræðslu- og menningarverðmæti sem hafa gildi til eilífðarnóns.

Málið snýst ekki bara um þjóðararf og glötuð tækifæri – þetta snýst um gildismat – um viðhorf til lífsins, til móður Jarðar um alla framtíð. Þetta varðar menningarstöðu þjóðar og raunverulegt ríki-dæmi hennar.³¹

Hann lítur á hálandið sem meira en aðeins form og efni. Það er einnig andlegur veruleiki, huglægur heimur sem skapast þegar maðurinn kemst í snertingu við það. Hálandið geti þannig allt eins verið ímyndun, hugarástand, ekki síður en hlutlægur veruleiki og hinn huglægi þáttur sé hluti af gildi þess fyrir manninn. Nútímamaðurinn þurfi á því að halda að komast í tengsl við villta náttúru. „Hann þarf á viðernum, tign og töfrum öræfanna að halda ásamt friðsæld í dýrmætri þögn á björtum degi eða undir stjörnuhimni.“³²

Guðmundur Páll sækir efnivið sinnar sýnar á hálandið í smiðju visthverfrar umhverfishyggju (e. *ecocentrism*). Í anda þessarar hugmyndafræði samþættir hann og leggur áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og sjálfbærni í sambúð mannsins við náttúruna. Visthverf umhverfishyggja byggist á heildarhyggju, nánar tiltekið á hugmyndinni um mikilvægi þess að maðurinn raski ekki náttúrlegum ferlum innan og milli vistkerfa svo að þau hljóti skaða af. Það er heildin, vistkerfið, sem áhersla er lögð á að vernda og það telst búa yfir eigingildi, enda séu slík náttúrleg kerfi undirstaða lífríkis á jörðinni og mannkyn hluti af því. Mannkyni beri skylda til að vernda verðmæti náttúrunnar, fjölbreytileika hennar, samspil og fegurð. Í anda þessa er lögð áhersla á mikilvægi óbyggða sem svæðis þar sem náttúran fer sínu fram í mótun landslags og vistkerfa án íhlutunar mannsins. Slíka náttúru beri að

³⁰ Sama rit, bls. 127.

³¹ Sama rit, bls. 107.

³² Sama rit, bls. 20.

varðveita og vernda gegn inngrípum af mannavöldum. Hún hafi auk þess verndargildi fyrir að hafa þá eiginleika að maðurinn geti þar í senn fengið athvarf frá hinu manngerða landslagi þéttbýlis, iðnaðar og landbúnaðar, og tækifæri til að læra um náttúrukraftana og fylgjast með þeim.³³

Guðmundur Páll taldi stofnun þjóðgarðs bestu leiðina sem Íslendingar ættu kost á til verndar hálendinu þar eð vistkerfi og náttúrlegt landslag séu einna best varðveitt innan þjóðgarða, það er með ströngu náttúruverndar-fyrirkomulagi þar sem þó er gert ráð fyrir að maðurinn geti átt leið um viðkomandi svæði til að kynnst því og njóta. Í því sambandi benti hann á, eins og fleiri á árunum í kringum 2000, að Íslendingar höfðu þá á þeim tíma-mótum tækifæri til að stofna þjóðgarð á víðáttumiklum öræfunum norðan Vatnajökuls. Þá leið bar að fara að hans mati.³⁴ Verndun þessara öræfa í formi þjóðgarðs hefði, auk gildis fyrir varðveislu einstakrar náttúru, hlutverk í þágu rannsókna og öflunar þekkingar á náttúru Íslands. Þau tækifæri myndu tapast ef stórum landssvæðum yrði sökkkt undir lón fyrir virkjanir.³⁵ Sýn hans á hálendið er rómantísk í þeim skilningi að hann dregur fram þýðingu þess á fagurfræðilegum nótum, með áherslu á merkingu slíkra óbyggða fyrir nútímamanninn sem lifir í erilsömum tækniheimi og manngerðu umhverfi. Hin rómantíska náttúrusýn hefur þannig verið lífseig því hún hefur haft áhrif á hugmyndafræði náttúruverndar á síðari hluta 20. aldar í formi hug-myndarinnar um hinn lífsnauðsynlega þráð milli manns og villtrar náttúru. Náttúran er ekki aðeins séð sem rými til útivistar og hvíldar frá borgarsam-félaginu heldur er hún manninum uppspretta hugmynda og sjálfsskilnings. Hugmyndin um óbyggðir sem ósnortna náttúru, í þeirri merkingu að vera villt og í þeim skilningi ósnortin af umsvifum mannsins, veitir óbyggðunum einskona helgi í huga margra sem athvarf til endurnæringar og hvíldar frá hinu manngerða umhverfi þéttbýlisins.³⁶ Myndin af óbyggðunum sem hinni

³³ Um visthverfa umhverfishyggju og viðkomandi hugtök í íslenskrri þýðingu, sjá: Þorvarður Árnason, „Náttúran sem siðfræðilegt viðfangsefni“, *Landabréfið* 18–19: 1/2002, bls. 58–65; Sami höf., „Eigingildi náttúrunnar –heimspeki á villigötum?“ *Hugur* 17: 1/2006, bls. 12–26; Sjá einnig um „ecocentrism“: Avner De-Shalit, *The Environment: Between Theory and Practice*, Oxford: Oxford University Press, 2000; Max Oelschlaeger, *The Idea of Wilderness: From Prehistory to the Age of Ecology*, London: Yale University Press, 1991; Greg Garrard, *Ecocriticism: The New Critical Idiom*, London: Routledge, 2005; William Cronon, „The Trouble with Wilderness; or, Getting back to the Wrong Nature“, *Uncommon Ground: Toward Reinventing Nature*, ritstj. William Cronon, New York: W.W. Norton & Company, 1995, bls. 69–90.

³⁴ Guðmundur Páll Ólafsson, *Hálendið*, bls. 393.

³⁵ Guðmundur Páll Ólafsson, *Um víðerni Snæfells*, bls. 107.

³⁶ Peter Coates, *Nature*, bls. 132–133; Hugtakið ósnortin náttúra er notað hér um

sönnu eða ekta náttúru samanborið við manngert umhverfi mannabyggðar er þannig enn stór þáttur í vestrænni náttúrusýn. Það kyndir undir hrifningu á óbyggðum, svo og áherslu á vernd þeirra, að þeim fer fækkandi á heimsvísu vegna umsvifa mannsins.³⁷

Rómantísk náttúrusýn og kröfur um verndun villtrar náttúru gegn umsvifum og athöfnum mannsins hafa þannig fylgst að allar götur frá því á 19. öld. Slíkar verndarkröfur spruttu upp meðal náttúruunnenda við útþenslu byggðar og nýtingar náttúruauðlinda sem ollu því að óbyggðir voru á undanhaldi og víða jafnvel horfnar. Talsmenn verndar slíkra svæða beittu sér fyrir verndun óbyggða með þeim rökum að þar ætti náttúran að fá að þróast samkvæmt eigin lögmálum án íhlutunar, breytinga eða spjalla af mannavöldum.³⁸ Samkvæmt þessari verndarstefnu ber mannum sý ábyrgð að taka frá og vernda villta náttúru. Á vernduðum svæðum mætti maðurinn aðeins sækja til náttúrunnar í þeim tilgangi að njóta hennar til útivistar eða þekkingaröflunar. Efnahagslegir mælikvarðar á gildi náttúru væru ekki þeir einu sem vega þyrfti og meta í sambúð manns og náttúru heldur gæti virði náttúru verið á öðru sviði sem ekki yrði metið til fjár. Slíkar hugsjónir leiddu til friðlýsingar landssvæða og stofnun þjóðgarða í Bandaríkjunum frá og með síðari hluta 19. aldar.³⁹ Evrópulönd fylgdu í kjölfarið og var t.d. almenn löggjöf um náttúruvernd sett á Norðurlöndunum á fyrsta fjórðungi 20. aldar.⁴⁰ Almenn náttúruverndarlög voru ekki

miðhálandið þar sem landslagi hefur ekki verið með beinum hætti breytt af mannavöldum, þ.e. með raski á landi, byggingu mannvirkja og inngrípum í vatnavegi. Villt náttúra er á undanhaldi í heiminum en mælikvarði á það hvað skuli kalla ósnortna náttúra er ekki einhlítur. Hefur verið bent á í því sambandi að erfitt sé orðið að skilgreina alla villta náttúru sem ósnortna í þrengstu merkingu þess orðs, þar sem gróðurhúsaáhrif breyta veðurfari og snerta þar af leiðandi alla afkíma jarðar, lönd, höf, lífríki og lofthjúp, sjá t.d.: Bill McKibben, *The End of Nature*, London: Viking, 1990; Hér á landi hafa bein áhrif á hálandið verið vegna vatnsaflsvirkjana og kvikfjarbeitar, einkum sauðfjarbeitar, sjá t.d. um beit, upplástur og gróðufar á hálandinu: Ólafur Arnalds, Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeir Jónsson, Einar Grétarsson og Arnór Árnason, *Soil Erosion in Iceland*, Reykjavík: Agricultural Research Institute. Soil Conservation Service, 2001.

³⁷ Um áhrif rómantísku stefunnar á viðhorf samtímans til óbyggða (e. *wilderness*), sjá t.d.: Greg Garrard, *Ecocriticism*, bls. 59–84; William Cronon, „The Trouble with Wilderness“, bls. 69–90.

³⁸ Max Oelschlaeger, *The Idea of Wilderness*, bls. 97–132, 289–290.

³⁹ Sverker Sörlin, *Naturkontraktet: Om naturumgängets idéhistoria*, Stokkhólmur: Carlsson, 1994, bls. 167–171.

⁴⁰ Páll Líndal, „Stríð og friður: Aðdragandinn að setningu náttúruverndarlaga á Íslandi“, *Lesarkir Náttúruverndarráðs* 8/1984, bls. 8–9.

sett á Íslandi fyrr en árið 1956.⁴¹ Kastljósi náttúruverndar var ekki beint að hálendi Íslands fyrr en í baráttunni fyrir vernd Þjórsárvera sem hófst í kringum 1970 þegar til stóð að sökkva verunum undir miðlunarlón fyrir virkjanir. Þjórsárver voru þá stærsta varpland heiðagæsar í Evrópu auk þess að vera einstök sinnar gerðar sem gróðurvin á hálendinu.⁴²

Þjóðgarður í „hjarta landsins“?

Barátta Guðmundar Páls Ólafssonar gegn virkjanaáformum á hálendinu snerist um vernd landslags þess og vistkerfis. En hún snerist einnig um þá lífsýn að vernda þurfi hálendið sem mest öröskuðu af mannavöldum vegna þarfar nútímamannsins fyrir að komast í snertingu við villta náttúru. Viðhorf á þessum nótum hafa verið driffjöðrin í aðgerðum náttúruverndarsinna á allra síðustu árum. Árið 2013 settu umhverfisverndarsamtökin Landvernd á laggirnar verkefnið „Hálendið – hjarta landsins“. Tilgangurinn var að skapa vettvang fyrir almenning til stuðnings kröfu um verndun náttúru á miðhálendinu. Í kynningu á verkefninu er skírskotað til sýnar Guðmundar Páls á miðhálendið sem hjarta landsins og vitnað til orða hans sem féllu í Háskólabíói 28. nóvember 1998, þar sem hann brýndi Íslendinga til að standa vörð um hálendið og berjast gegn áformum um virkjanir þar, og orðaði eftirfarandi: „*Á meðan er okkar seng upp reidd: Að verja hálendið, sjálft hjarta landsins, með ráð og dáð, sem sverð þess og skjöldur. Og annaðhvort verjum við það núna eða aldrei.*“⁴³

Sú hugsjón að stofna beri þjóðgarð á miðhálendinu hefur verið þáttur í baráttu náttúruverndarfólks fyrir vernd hálendisins og framlag þess í umræðu um náttúru sem efnahagslega auðlind. Bent er á að samþætta megi náttúruvernd og efnahagslega þýðingu náttúru, enda hafi náttúruverndar-svæði á borð við þjóðgarða aðdráttarafi fyrir ferðafólk.⁴⁴ Árið 2014 hleyptu

⁴¹ Um aðdraganda og setningu almennra laga um náttúruvernd á Íslandi sjá: Unnur Birna Karlsdóttir, *Náttúrusýn og nýting fallvatna: Um viðborf til náttúru og vatnsaflsvirkjana á Íslandi 1900–2008*, Reykjavík: Hugvísindastofnun, 2010, bls. 81–88.

⁴² Helga Ögmundardóttir, *The shepherds of Þjórsárver: Traditional use and hydropower development in the commons of Icelandic highland*, Uppsalar: Uppsala University, Department of Cultural Anthropology and Ethnology, 2011; Guðmundur Páll Ólafsson, *Þjórsárver: Hernaðurinn gegn landinu*, Reykjavík: Mál og menning, 2007.

⁴³ Guðmundur Ingi Guðbrandsson, „Hálendið – hjarta landsins“, *Landvernd.is*, 11. september 2013, sótt 18. febrúar 2019 af <https://landvernd.is/sidur/halendid-hjartalandsins>.

⁴⁴ Sjá t.d.: Sigrún Helgadóttir: „Glatað land eða gefið“, *Hálendisblaðið*, 8. desember 2002, bls. 14 og sami höf., „Víðerni, þjóðgarðar, fólkvangar“, *Morgunblaðið* 2. apríl

ýmis samtök um náttúruvernd og félög og fyrirtæki um útivist og ferðaþjónustu af stokkunum verkefni með verndun miðhálandisins að markmiði. Í viljayfirlýsingu þess segir:

Miðhálandið er einn mesti *fjár sjóður* landsins. Þar má finna eldfjöll, jökla, vatnsmiklar ár og fossa, litrík háhitasvæði, víðfeðm hraun og svartar sandauðnir sem kallast á við viðkvæmar gróðurvinjar. Saman mynda þessi náttúrufyrirbæri stórbrotnar landslagsheildir á einum stærstu víðernum Evrópu. Kraftarnir sem náttúruöflin leysa úr læðingi, þar með talið samspil elds og íss, móta stöðugt þetta tilkomumikla landsvæði, en öræfakýrðin sem á það til að umlykja ferðalanga er ógleymanleg hverjum þeim sem hana hefur upplifað.

Að finna megi á einu svæði samansafn þeirra náttúruverðmæta sem hér er lýst er einstakt á heimsvísu. Að auki fækkar stöðugt í heiminum stórum óbyggðum svæðum og víðernum þar sem náttúran ræður ríkjum. Við Íslendingar erum enn í þeirri öfundsverðu stöðu að geta staðið vörð um þessi verðmæti hér á landi með því að vernda miðhálandið.⁴⁵

Hér er hnykkat á því hve sérstæð náttúra miðhálandisins á Íslandi er, jafnvel á heimsvísu, vegna þess hve margbreytileg hún er að eðli og gerð.⁴⁶ En ofangreind yfirlýsing endurómar ekki aðeins niðurstöður vísindamanna um sérstöðu náttúrfars á hálandinu heldur einnig þau viðhorf að slík náttúra hafi þýðingu og upplifunargildi fyrir manninn.⁴⁷ Tengt þessu síðastnefnda

2003, bls. 34; Ómar Ragnarsson, *Íslands þúsund ár*, Reykjavík: Ómar Ragnarsson, 2006, bls. 1–3; Andri Snær Magnason, *Draumalandið: Sjálfsbjálparbók banda bræddri þjóð*, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 258–259; Sjá einnig mastersritgerð í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands um efnahagslega þýðingu þjóðgarða: Jukka Siltanen, „Economic Impact of National Parks in Iceland: Case Study of Snæfellsjökull National Park“, *Skemman.is*, sótt 20. október 2019 af <https://skemman.is/handle/1946/29005>.

⁴⁵ „Styðjum hálandisþjóðgarð“, *Halendið.is*, sótt 5. janúar 2019 af <http://halendid.is/#viljayfirlýsing>.

⁴⁶ Um mat á gerð og gildi náttúru á hálandi Íslands, sjá: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Þorvarður Arnason, Hlynur Bárðarson og Karen Pálsdóttir, *Íslenskt landslag: Sjónræn einkenni, flokkun og mat á fjölbreytni*, Reykjavík: Háskóli Íslands og Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 2010; Um gildi náttúru- og menningarmínja á hálandinu sjá einnig: „Forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands“, sótt 30. nóvember 2019, bls. 13–20.

⁴⁷ Sjá t.d.: Sveinn Yngvi Egilsson, *Arfur og umbylting*; Sami höf.: „„Og andinn mig

benda aðstandendur verkefnisins á að með stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu mætti nýta þetta landsvæði með því að samræma hagsmuni verndar og nýtingar. Náttúruvernd geti þannig haft efnahagslega þýðingu, eða eins og það er orðað:

Einn af hornsteinum *hálandisþjóðgarðs* er skilningur fyrir nauðsyn þess að útivistarfolk geti nýtt miðhálandið með sjálfbærum og ábyrgum hætti, hvort sem ferðast er akandi, gangandi, ríðandi, hjólandi, róíð á vötnum eða þegar farið er til veiða. ... Í þjóðgarði felast mörg tækifæri. *Náttúruvernd* er þar undirstaðan því tækifærin byggja á því að náttúrugæðum miðhálandisins verði ekki raskað frekar og að upplifun víðerna og óbyggða sem þar má finna hverfi ekki. Fyrir ferðaðþjónustuna er það grundvallaratriði því ferðamenn sækja í miðhálandið vegna upplifunarinnar sem þar býðst. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja að ferðaðþjónustufyrirtæki geti starfað á miðhálandinu í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Búa þarf svo um hnútana að hægt sé að þróa *atvinnustarfsemi* sem spillir ekki náttúrugæðum miðhálandisins, en hefur á sama tíma jákvæð áhrif á byggða- og *atvinnuþróun* í nærsveitarfélögum og landinu öllu.⁴⁸

Hér er horft á leiðir til verndar og nýtingar frá sjónarhóli „veikrar“ mannhverfrar umhverfishyggu. Þeir sem styðja „veika“ mannhverfa umhverfishyggu líta svo á að hag mannsins sé best borgið með því að spilla ekki náttúrunni og nánasta umhverfi mannsins svo að það rýri lífsgæði hans eða setji

hreif upp á háfjallatind.“ Nokkrar birtingarmyndir hins háleita á 19. öld“, *Skorrdæla*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls. 155–177; Guðmundur Hálfðanarson, „Hver á sér fegra föðurland“ Staða náttúrunnar í íslenski þjóðernisvitund“, *Skírnir* 173: 2/1999, bls. 304–336; Þorvarður Árnason, „Náttúrufegurð“, *Náttúrusýn: Safn greina um siðfræði og náttúru*, ritstj. Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason, Reykjavík: Háskóli Íslands og Rannsóknastofnun í siðfræði, 1994, bls. 263–283; Um tengsl viðhorfa til náttúrufegurðar þar sem horft er til íslenska hálandisins, sjá: Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, „Vá! - undrun, fegurð og ægifegurð í upplifun af íslenski náttúru“, *Náttúran í ljósaskiptunum: Mannvera og náttúra í austr.enni og vestr.enni bugsun*, ritstj. Björn Þorsteinsson, Reykjavík: Heimspækistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2016, bls. 143–168; Sami höf.: „Fagurfræðileg upplifun af íslensku landslagi: Hvernig á að meta hið ómælanlega?“, *Rannsóknir í félagsvísindum XII: Félagsg- og mannvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í október 2011*, ritstj. Ása Guðný Ásgeirsdóttir, Helga Björnsdóttir og Helga Ólafs; bls. 177–185, *Skemman.is*, sótt 20. maí 2019 af <https://skemman.is/handle/1946/10261>.

⁴⁸ „Viljayfirlýsing“, *Halendið.is*, sótt 18. febrúar 2019 af <http://halendid.is/#thjodgardur-1>.

þau í hættu. Hagur manns og náttúru fari þannig saman í mörgum atriðum og því sé náttúru- og umhverfisvernd mannum sjálfum fyrir bestu þegar til lengri tíma er litið.⁴⁹ Þessu tengt er krafan um sjálfbærni. Horft er til þarfa mannsins jafnframt því sem gerð er krafa um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og varðveislu náttúruauðæfa á borð við villt náttúrusvæði og vistkerfi þeirra og landslag, heimkynni dýrategunda og plantna. Uppfylla skal þarfir núlifandi kynslóða án þess að ganga á gæði náttúrunnar þannig að það spilli möguleikum komandi kynslóða á að uppfylla þarfir sínar. Stefnit skal að verndun og sjálfbærri nýtingu náttúrunnar og til að tryggja að það megi gerast telst nauðsynlegt að vinna samtímis að þjóðfélagsumbótum og viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð. Almenninur eigi þannig að hafa um-sagnarrétt þegar teknar eru ákvarðanir sem snerta þjóðfélags-, náttúru-verndar- og umhverfismál. Lýðræðislegar vinnureglur, þjóðfélagsumbætur og náttúru- og umhverfisvernd eigi þannig samleið.⁵⁰ Þetta hefur m.a. verið orðað svo í sambandi við mikilvægi verndar miðhálandisins í þingsályktunartillögu þingmanna Samfylkingar árið 2016:

Það er á ábyrgð núlifandi Íslendinga að standa vörð um þetta magnaða svæði í þágu núlifandi og komandi kynslóða Íslendinga og heimsins alls. Jafnframt er mikilvægt að aðgengi almennings að svæðinu sé tryggt. Með tillögu þessari er lagt til að miðhálandið verði gert að þjóðgarði allra Íslendinga í þessu skyni. ... Með stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu verður stigið veigamikilið skref í átt til verndunar íslenskrar náttúru.⁵¹

⁴⁹ Hin hliðin á þessu er svonefnd „sterk“ mannverf umhverfishyggja sem hefur hagsmuni mannsins ætíð í fyrirrúmi í allri umgengni við náttúru og nýtingu hennar. Náttúru- og umhverfisvernd hefur gjarnan átt undir högg að sækja þegar þetta viðhorf er ríkjandi, auk þess sem hagsmunir mannsins teljast í þessu ekki algildir í þágu allra þegna lands heldur er horft til sértækra hagsmuna af ýmsu tagi, t.d. út frá sjónarmiðum land- og auðlindanýtingar o.s.frv., hvort heldur sem hún er rekin sem stefna stjórnvalda eða fyrirtækja eða hvortvegga í senn. Sjá um „veika“ og „sterka“ mannverfa umhverfishyggju: Þorvarður Árnason, „Náttúran sem siðfræðilegt viðfangsefni“, *Landabréfið* 2/2002, bls. 58–65; Sverker Sörlin, *Naturkontraktet*, bls. 158; Um hugtök, stefnur og straua innan náttúrusiðfræði sjá einnig: Lawrence Buell, *The Future of Environmental Criticism: Environmental Crisis and Literary Imagination*, Oxford: Blackwell Publishing, 2005.

⁵⁰ Sjá t.d. skrif á vegum alþjóðlegrar nefndar um sjálfbæra þróun: World Commission on Environment and Development, „Towards Sustainable Development“, *Green Planet Blues: Environmental Politics from Stockholm to Rio*, ritstj. Ken Conca, Michael Alberty og Geoffrey D. Dabelko, Oxford: Oxford University Press, 1995, bls. 211–221.

⁵¹ „Tillaga til þingsályktunar um þjóðgarð á miðhálandinu“, *Alþingi.is*, þskj 37, 37.

Sú lífsskoðun að það séu sjálfsögð réttindi fólks nú á tímum að eiga þess kost að svala þörf fyrir útiveru í víðáttu óbyggða hafði áhrif í lagasetningu hér á landi í lok 20. aldar, nánar tiltekið í 3. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þar var ósnortið víðerni (e. *wilderness*) skilgreint sem landsvæði sem er að minnsta kosti 25 km² að stærð eða svo víðfeðmt að hægt sé að njóta þar náttúru sem ósnortin er af framkvæmdum og mannvirkjum og fær að þróast án inngrípa af mannavöldum. Ekki er þó í lögum skýrt kveðið á um bann við skerðingu ósnortinna víðerna en þó tiltekið að þau megi taka með í reikninginn í náttúruverndaráætlunum.⁵² Ósnortin víðerni höfðu þannig þrátt fyrir að vera skilgreind í náttúruverndarlögum 1999 enga verndarstöðu gagnvart virkjana- og stóriðjustefnu stjórnvalda hér á landi á árunum í kringum 2000 eins og kom á daginn þegar yfirvöld heimiluðu gerð Kárahnjúkavirkjunar. En fyrirsjáanlegt var að með tilkomu hennar, með tilheyrandi mannvirkjum og uppistöðulónum á öræfum Austurlands, myndu ósnortin víðerni skerðast um rúmlega níu hundruð ferkílómetra.⁵³

Sú sýn að í víðáttu og landslagsgerð öræfanna séu verðmæti fólgin hefur verið dropi að hola steininn hvað snertir víðhorf til miðhálandisins. Dæmi um það eru annars vegar rannsóknir síðastliðinna ára í því markmiði að greina gerð og gildi landslags og náttúruminja í þeim tilgangi að hægt sé að flokka verðmæti náttúru frá fleiri hliðum en áður hefur verið gert þegar kemur að stefnumörkun um hvers konar nýting eða vernd skuli ákveðin.⁵⁴ Hins vegar það að í gildandi lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sem tóku gildi 15. nóvember 2015, er kveðið á um að víðsýni á öræfum hafi verndargildi vegna þýðingar þess fyrir manninn, eins og segir í 8. kafla laganna um

mál, 145. löggj. þing 2015–2016, sótt 10. janúar 2019 af <http://www.althingi.is/al-text/145/s/0037.html>.

⁵² „Lög um náttúruvernd 1999 nr. 44 22. mars“, *Althingi.is*, sótt 8. mars 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/127b/1999044.html>.

⁵³ „Úrskurður um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar“, Úrskurðir umhverfisráðuneytis, 01.01. 2001, mál nr. 01080004, *Stjornarradid.is*, sótt 19. október 2019 af https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/urskurdurkaraahnjukar2001.pdf.

⁵⁴ Sjá t.d.: Þorvarður Árnason, David Ostman, og Adam Hoffritz, *Kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands: Tillögur að nýrri aðferðafræði*, Hornafjörður: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, 2017, sótt 2. desember 2019 af http://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Kortlagning_Viderna_Web2.pdf; Sjá einnig: Edda R. H. Waage og Guðbjörg R. Jóhannsdóttir, *Fagurferðilegt gildi landslags: Aðrifasvæði virkjanakosta við Hvamm í Þjórsá og Trölladyngju, Austurengjabver og Krýsvík á Reykjanesskaga. Forrannsókn til greiningar og mats á gildi landslags, unnin fyrir fagbóp 1, 3. og 4. áfanga Rammaáætlunar*, Reykjavík: Háskóli Íslands og Rammaáætlun, 2019.

flokka friðlýstra svæða, nánar tiltekið í 46. gr. um flokkinn „óbyggð víðerni“. Um þessa skilgreiningu, sem að stofni til er sama hugtak og kallað var „ósnortið víðerni“ í áður nefndum lögum frá 1999, segir að friðlýsa megi stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum og skal friðlýsingin „miða að því að varðveita einkenni svæðisins, t.d. að viðhalda fjölbreyttu og óvenjulegu landslagi, víðsýni og/eða vernda heildstæð stór vistkerfi, og tryggja að núlifandi og komandi kynslóðir geti notið þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja“.⁵⁵

Þessu til viðbótar hefur viðurkenning á gildi náttúrufræðingarmanninn náð inn í lagaákvæði, nánar tiltekið í ákvæði þeirra um friðlýsingarflokkinn sem ber heitið landslagsverndarsvæði, en þar segir m.a. í 50. gr. að friðlýsa má landsvæði til verndar landslagi sem „þykir sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis“ eða „talið er sérstætt eða fágætt á svæðis-, lands- eða heimsvísu“ eða „skipar mikilvægan sess í vitund þjóðarinnar“. Skal hlutverk friðlýsingar vera að varðveita sérkenni viðkomandi landslags og „fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess“. Það má þannig orða það svo að ást á öræfum hafi náð að hafa áhrif á ákvæði náttúruverndarlaga. Í áður nefndum náttúruverndarlögum er tekið fram að friðlýsing svæðis sem landslagsverndarsvæðis útiloki ekki allar nytjar, því að á svæði þar sem hefð er fyrir nytjum sem eru forsenda fyrir einkennum landslags á viðkomandi svæði miðast friðlýsing við að tryggja að slíkum nytjum verði viðhaldið. Visthverf umhverfishyggja hefur einnig náð að hafa áhrif á inntak laganna, sem sést bæði af ákvæðum þeirra um verndun svæða vegna vistkerfa þeirra og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar setur sömuleiðis svip á löggjöfina sem sést af ákvæðum um verndarsvæði með „sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda“ þar sem t.d. iðnaði er ekki hleypt að heldur skuli markmið með verndun slíkra svæða vera „hófsamleg nýting náttúruauðlinda sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd“.⁵⁶ Verndun öræfa Íslands og viður-

⁵⁵ Hugtakið „óbyggð víðerni“ (upphaflega nefnt „ósnortið víðerni“) merkir samkvæmt skilgreiningu í núgildandi náttúruverndarlögum (5. gr. 19. lið): „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflium, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“, sjá: „Lög um náttúruvernd nr. 60 10. apríl 2013“, *Althingi.is*, sótt 25. febrúar 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>.

⁵⁶ „Lög um náttúruvernd nr. 60 10. apríl 2013“, *Althingi.is*, sótt 25. febrúar 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>; Um hugtakið landslag í sögu ís-

kenning á verndargildi þeirra hefur þannig fengið hljómgrunn hjá stjórnvöldum á allra síðustu árum, eins og sjá má af framangreindum ákvæðum í náttúruverndarlögum og á vef umhverfisráðuneytisins þar sem segir til dæmis að ósnortin náttúra teljist vera orðin takmörkuð auðlind.⁵⁷

Stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu hefur stuðning núverandi ríkisstjórnar Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, eins og sjá má af því að í kafla um umhverfis- og auðlindamál í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar segir: „Stofnaður verður Þjóðgarður á miðhálandinu í samráði þverpólískrar þingmannanefndar, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sveitarfélaga, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra hagsmunaaðila. Skoðaðir verða möguleikar á Þjóðgörðum á öðrum svæðum.“⁵⁸ Jafnframt var samið frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og Þjóðgarða.⁵⁹ Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði nefnd um stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu.⁶⁰ Hlutverki hennar var lýst svohljóðandi:

Nefndinni er m.a. ætlað að skilgreina mörk Þjóðgarðsins og setja fram áherslur um skiptingu landssvæða innan hans í verndarflokka.

Þá er henni ætlað að fjalla um hugsanlegar aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði og greina tæki-

lenskrar löggjafar um náttúruvernd og um umræðu um þróun landslagsverndar, sjá: Þorvarður Arnason, „Landslag: Þar sem náttúra og maður mætast“, *Frændafundur 9: Fyrirlestrar frá íslensk-fereyjskri ráðstefnu í Reykjavík 26.–28. ágúst 2016*, Hugvísindastofnun, 2018, bls. 77–92; Sjá einnig: Aðalheiður Jóhannsdóttir, „Wilderness protection in Iceland“, *Wilderness protection in Europe: The role of international, European and national law*, ritstj. Kees Bastmeijer, Cambridge: Cambridge University Press, 2016, bls. 360–385. Hér er m.a. fjallað um hvort lagaákvæði um verndun víðerna á hálandi Íslands hafi haldið í þágu verndar þeirra. Bent er á að verndun eiginleika náttúru sem villtrar þurfi ekki aðeins að hafa stoð í orði í lögum heldur einnig njóta stuðnings í verki og það til langs tíma litið, bæði af hálfu ríkisvalds og sveitarstjórna.

⁵⁷ „Þjóðgarðar og önnur friðlýst svæði“, *Stjornarradid.is*, sótt 19. febrúar 2019 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/thjodgardar-og-fridlyst-svaedi/>.

⁵⁸ „Sáttmáli“, *Stjornarradid.is*, 30. nóvember 2017, sótt 11. febrúar 2019 af <https://www.stjornarradid.is/riksstjorn/stefnuyfirlysing/>.

⁵⁹ „Frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og Þjóðgarða“, *Althingi.is*, sótt 2. desember 2019 af <https://www.althingi.is/altext/149/s/1238.html>.

⁶⁰ „Nefnd um stofnun miðhálandisþjóðgarðs“, *Stjornarradid.is*, sótt 28. nóvember 2019 af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/thjodgardar-og-fridlyst-svaedi/nefnd-um-stofnun-midhalendisthjodgards/>; Sjá einnig: „Forsendur fyrir stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands“, sótt 30. nóvember 2019.

færi með stofnun Þjóðgarðs á byggðaþróun og atvinnulíf. Jafnframt er henni ætlað að gera tillögur að helstu áherslum í stjórnunar- og verndaráætlunum og atvinnustefnu fyrir Þjóðgarðinn og lagafrumvarpi um Þjóðgarðinn, þar sem m.a. er tekin afstaða til stjórnskipulags Þjóðgarðsins. Loks skal nefndin setja fram áætlun um fjármögnun fyrir stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu.⁶¹

Nefnd þessi hefur nú lokið störfum. Hér er ekki rúm til að rekja ítarlega efni lokaskýrslu hennar sem kom út í byrjun desember 2019 en í stuttu máli sagt er lagt til að Þjóðgarður á miðhálandinu nái til lands sem nú þegar er í eigu og umsjón ríkisins, það er til Þjóðlenda og friðlýstra svæða. Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir víðtæku samráði um stjórn og málefni Þjóðgarðsins við sveitarfélög og hagsmunaaðila. Áhersla er lögð á að Hálandisþjóðgarður, eins og hann nefnist í skýrslunni, muni efla og styðja sjálfbæra nýtingu hálandisins samhliða því að byggjast á sáttmála um að standa vörð um náttúru-minjar þar og þá menningu sem tengist sambúð manns og hálandisins í sögu landsins fyrr og nú. Gert er ráð fyrir að umhverfis- og auðlindaráðherra leggi fram frumvarp um stofnun Hálandisþjóðgarðs á Alþingi næsta vor sem byggji á áherslum nefndarinnar.⁶² Hvert brautargengi þess frumvarps verður á svo eftir að koma í ljós.

Niðurlag

Helgi Valtýsson og Guðmundur Páll Ólafsson eiga það sameiginlegt að hafa unnað öræfum og opnað landsmönnum glugga að miðhálandi Íslands með um hálfra aldar millibili. Ást þeirra á hálandinu er hluti af stærri mynd í sögu tengsla manns og óbyggða því hún endurspeglar og er samofin ýmsum þráðum úr vestrænni náttúrusýn 19. og 20. aldar. Hugmyndir þeirra um tengsl manns og óbyggða setja þannig viðhorf til miðhálandis Íslands í alþjóðlegt samhengi ekki síður en íslenskt. Náttúru óbyggða er þar stillt upp sem hinni frjálsu og ekta náttúru. Hún öðlast helgi í huga náttúruunnandans, og upplifun af henni getur slegið á alla strengi skilningarvitanna, fyllt menn hrifningu, innri friði, undrun, angist, tilfinningu fyrir nálægð við guð eða innri mann, jafnvel þetta allt í senn.

⁶¹ „Nefnd um stofnun miðhálandisþjóðgarðs“, sótt 28. nóvember 2019.

⁶² „Hálandisþjóðgarður: Tillögur og áherslur þverpólitískrar nefndar“, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, *Stjornarradis.is*, desember 2019, sótt 4. desember 2019 af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b3fa873b-15d3-11ea-9453-005056bc4d74>.

Íslendingar nú á dögum hafa fundið samhljóm með þeirri hugmyndafræði sem heldur á lofti þýðingu óspilltra óbyggða í þágu hagsmuna mannsins ekki síður en náttúrunnar. Einhver kann að spyrja sig hvort náttúrusýn, í merkingu þess hugtaks sem viðtekin viðhorf til náttúru á hverjum tíma fyrir sig, skipti máli. Því er til að svara að allt sem maðurinn aðhefst gagnvart náttúrunni ræðst af viðhorfum, hvort sem þau stjórnast af lífsbaráttu, hófsemd eða ágengni, vísindalegri þekkingu, menningu, listrænum viðhorfum eða tíðaranda. Viðhorf mannsins til náttúru stjórna því hvað fæst verndað og hvað er nytjað. Hvort það er gert með ósjálfbærum eða sjálfbærum hætti og hverju er útrýmt, umturnað eða spillt með óafturkræfum hætti. Viðhorf Íslendinga til hálendisins eru í þessu sambandi þýðingarmikið atriði. Unna Íslendingar hálendinu nóg til að vilja standa vörð um náttúru þess? Nýjasta vísbendingin um vilja til þess eru fyrirbyggjandi áform um stofnun Hálendisþjóðgarðs.

ÚTDRÁTTUR

Um ást á öræfum og áhrif hennar á umræðu um verndun miðhálendisins

Viðfangsefni þessarar greinar er ást á öræfum í merkingunni hrifning af náttúru miðhálendis Íslands. Rýnt er í skrif tveggja náttúruunnenda á þeim nótum sem birtust með um hálfrar aldar millibili, þeirra Helga Valtýssonar og Guðmundar Páls Ólafssonar. Þeir fóru báðir í leiðangra inn á öræfi Íslands og lögðu sig í framhaldinu fram um að lýsa áhrifum þeirra á hugann og þýðingu öræfanna í því sambandi. Skrif þeirra beggja einkennast af persónulegu sjónarhorni en vitna um leið um áhrif frá þráðum í vestrænni náttúrusýn þar sem lögð er áhersla á gildi villtrar náttúru og mikilvægi þess að varðveita hana gegn breytingum af mannavöldum, ekki aðeins náttúrunnar vegna heldur einnig mannsins. Í seinni hluta greinarinnar er þetta viðfangsefni, ást á öræfum Íslands, tengt samtímanum með því að líta til þess hvernig sýn á hálendi á borð við þá sem þeir Helgi og Guðmundur Páll settu fram á sínum tíma hefur öðlast sess nú á dögum í umræðu um náttúruvernd á hálendinu, og þá ekki hvað síst í yfirstandandi umræðu um stofnun miðhálendisþjóðgarðs.

Lykilorð: Ást, hálendi, náttúra, náttúrusýn, náttúruvernd, rómantík, umhverfis-
hyggja, vistkerfi, virkjanir, þjóðgarður, víðerni, öræfi

A B S T R A C T

**On the love of wilderness and its impact
on the discourse on the protection of the Icelandic central highland**

The subject of this article is love of Nature as expressed in the writings of two Icelandic nature enthusiasts, where they describe their views of the Icelandic central highland. Firstly the teacher and writer Helgi Valtýsson who published his writings in the 1940's. Secondly the biologist and writer Guðmundur Páll Ólafsson, who fought for the protection of the central highland of Iceland in the years around the last millennium. Both these men travelled into the Icelandic Wilderness, i.e. its central highland, and published their texts following these trips. They described the aesthetic, emotional and spiritual meaning of the Wilderness for the human mind, and hence the intrinsic value of its Nature, i.e. its landscape and ecosystems. The text by Helgi Valtýsson reveals that Romanticism was still influential in Iceland around the middle of the 20th Century when it came to the relationship between Man and Nature. Romantic approaches to Nature were again instrumental in the years around 2000, as is also evident in Ólafsson's writings. It is also clear that eco-centrism, with emphasis on the protection of ecosystems and sustainability, also puts its mark on his arguments about the importance of protecting the vast wilderness areas of the central highland. The conclusion to draw from Helgi and Guðmundur Páll is that love of Wilderness is a valid argument for protecting natural environments. It is both a sign of devotion to Mother Nature and a symbol of Man's need to experience Wilderness. This argument has coloured today's discussion in Iceland about the importance of protecting Wilderness in Iceland, not least in the ongoing discourse on establishing a Central Highland National Park.

Keywords: Love, central highland, Iceland, nature, views of nature, romanticism, environmentalism, ecosystems, power production, national park, wilderness

UNNUR BIRNA KARLSDÓTTIR

Sagnfræðingur

Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi

Tjarnarbraut 39a

IS-700 Egilsstaðir, Ísland

unnurk@hi.is

